

Sp.

762. Nefndarálit

[73. mál]

um till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að leita eftir samkomulagi um að skila aftur Kaldaðarnesi.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Það hefur ekki náðst samkomulag innan nefndarinnar um þetta mál. Meiri hl. (JS, StgrSt, JG og ÁÁ) vill vísa tillögunni frá með rökstuddri dagskrá, undirritaður minni hl. vill, að málið nái fram að ganga, og leggur til, að tillagan á þskj. 119 verði samþykkt, en annar minni hl. (IngJ og SB) kaus hvoruga þessa leið og mun væntanlega gera grein fyrir afstöðu sinni í sérstöku nefndarálit.

Í sambandi við þetta mál hefur, sem eðlilegt er, mjög verið rætt um drykkjumannahæli það, sem flutt var að Kaldaðarnesi í júní 1945, og því miður hefur oft skort mjög mikið á, að rétt væri frá skýrt. Því hefur jafnvel verið haldið fram, að reynslan hafi sýnt, að ekki kæmi til mála að reka hæli fyrir drykkjumenn á þessum stað, og að þegar af þeim sökum hafi verið réttmætt og eðlilegt að ráðstafa jörð og húsum til annarra nota, og hafi þá þingmaður Árneseinga, herra Jörundur Brynjólfsson, mátt heita vel að staðnum kominn. Jafnvel í nefndarálit meiri hl. allsherjarn., á þskj. 653, virðist bóla á þessari skoðun, og svo langt er þar seilt til ræka, að sagt er, að vístmenn á Kaldaðarneshæli hafi verið 8 árið 1944, en sannleikurinn er, að fyrstu vistmennirnir komu þangað í júní 1945. Gefur þetta vissulega grunn um, að viður kunni nokkuð á að skorta um nákvæmni og rétta meðferð staðreynda hjá þeim, sem vilja mæla Kaldaðarnessölunni bót.

Af þeim sökum, sem ég nú hef greint, tel ég nauðsynlegt að rekja sögu drykkjumannahælisins til þess tíma, er það var látið lognast út af í Kaldaðarnesi.

Það er langt síðan ýmsir áhugamenn um bindindismál gerðu sér ljóst, að þörf væri fyrir drykkjumannahæli hér á landi. Það var þó Guðrún Lárusdóttir, öðrum fremur, sem barðist fyrir framgangi málsins, meðan hún átti sæti á Alþingi. Hún bar oftast en einu sinni fram frv. um stofnun drykkjumannahælis, en þrátt fyrir einbeitta baráttu Guðrúnar var þessu máli ætíð drepit á dreif á Alþingi, og hvorki fékkst fjárveiting til drykkjumannahælis né lög um slíka stofnun. Að fenginni þessari reynslu töldu ýmsir bindindismenn, að eina leiðin til árangurs væri að stofna drykkjumannahæli án aðstoðar ríkisins og sýna þar með þörfina, svo að Alþingi gæti ekki komið hjá því að láta málið til sína taka.

Árið 1942 ákvað Stórstúka Íslands að gera tilraun með að koma upp drykkjumannahæli. Í þessu skyni tók hún á leigu smábýlið Kumbaravog við Stokkseyri. Þar voru vistleg húsakynni fyrir 8 vistmenn. Stórstúkan tók við Kumbaravogi 1. okt. 1942, en fyrstu vistmennirnir komu þangað í marz 1943. Til að stjórna hælínu kaus Stórstúkan þá Kristín Stefánsón, Friðrik Á. Brekkan og Sigfús Sigurhjártarson. Þeir réðu Alfreð Gíslason sem lækni þess og Jón Sigtryggsson framkvæmdastjóra. Þessi tilraun Stórstúkunnar mætti hinu mestu velvild hjá borgarstjóra og bæjarstjórn Reykjavíkur svo og ríkisstjórnar og hlaut frá upphafi riflegan stuðning þessara aðila.

Með lögum nr. 108 frá 30. des. 1943 var ákveðið, að ríkið skyldi taka við rekstri hælisisins í Kumbaravogi, og jafnframt var ríkisstjórninni heimilað að ákveða að flytja hælið og reka það á öðrum stað, er hún teldi betur henta. Þriggja manna stjórnarnefnd skyldi annast rekstur hælisisins, og var það starf falið sömu mönnum, sem Stórstúkan hafði áður til kjörið.

Um rekstur hælisisins í Kumbaravogi er þetta helzt að segja:

Hælið var ætíð fullskipað, og komust þangað færri en vildu. Forráðamenn hælisisins héldu vistmönnum til vinnu eftir því sem föng stóðu til, var þar einkum um að ræða garðrækt og heyskap á sumrin, en landkostir voru litlir og því ekki mikil störf að ræða á þessu sviði. Var því einnig reynt að halda mönnum að handverki, t. d. var þeim leiðbeint í bókbandi. Þá unnu þeir og að uppsetningu lóða o. fl.

Árangur hælisisvistarinnar var litill, flestir, sem hennar nutu, hurfu eftir lengri eða skemmri tíma aftur til fyrri lífnaðarhálda.

Þegar hér var komið sögu (árið 1944), tók stjórn hælisisins fyrir alvöru að svipast um eftir framtíðarstað fyrir drykkjumannahæli. Í sambandi við staðarvalið komu tvö meginsjónarmið til greina:

1. Að skilyrði væru fyrir hendi til fjölpættis stórbúskapar.

2. Að staðurinn væri ekki á alfaraleið, en þó ekki allfjarri Reykjavík.

Hið fyrra skilyrði var byggt á þeirri skoðun stjórnarinnar og læknis hælisisins, að hægt væri að nýta vinnuaflið vistmanna þeim sjálfum og þjóðfélaginu til gagns, og með því móti mætti áður en langur tími liði koma hælinu á heilbrigðan fjárhagsgrundvöll og reka það án verulegra framлага af almannafé. En til þess að þetta mætti verða, þyrfti atvinnureksturinn að vera fjölpættur og allstór í sniðum, því að vistmönnum er bezt að vinna með heilbrigðum mönnum, og slíkir menn verða að mynda kjarnann og forustu í öllum vinnuhópnum á drykkjumannahælinu. Að öllum aðstæðum athuguðum virtist því stjórninni, að rétt væri að stefna að því að byggja upp stórbúskap, þrep af þrepi, í sambandi við hælisisreksturinn, og einnig taldi hún æskilegt og jafnvel nauðsynlegt, að um nokkurn iðnað eða iðju gæti verið að ræða, og þó einkum með tilliti til vetrarstarfa. Um síðara atriðið, legu hælisisins, þarf ekki að fjölyrða; öllum hlýtur að vera ljóst, að æskilegt er, að slíkt hæli sé ekki á alfaraleið og ekki heldur of fjarri þeim staðnum, sem flesta vistmennina mun leggja til.

Ýmsir mætir menn og valdamiklir fylgdust af áhuga með leitinni að hinum heppilegasta stað og létu stjórninni í té margs konar aðstoð og fyrirgreiðslu. Í því sambandi má sérstaklega nefna þáverandi dómsmálaráðherra Finn Jónsson, þáverandi borgarstjóra Bjarna Benediktsson, þáverandi sakadómara Jónatan Hallvarðsson, landlækni Vilmund Jónsson, ráðsmann ríkisspítalanna Guðmund Gestsson, og síðast en ekki sízt lækni hælisisins, Alfreð Gíslason. Að ráði allra þessara manna var hið forna höfuðból Kaldaðarnes valið. Jörðin var þá nýlega heimt úr hershöndum og var svo grátt leikin, að varla munu stórborgir Þýskalands að sínu leyti hafa verið verr farnar eftir loftárásir Bandamanna. Húsalaus var jörðin að kalla, braggar þöktu hið stóra og góða tún, og flugvöllur þakti hið bezta og nærtækasta engjanna.

Hér blasti við verkefni, stórfellt og veglegt verkefni, hér hafði verið „velt í rústir“, hér þurfti „að byggja á ný“, eitt hið frægasta og veglegasta höfuðból Íslands þurfti að hefja til vegs á ný. Í þessu sambandi var því ekki gleymt, að þó jörðin og sagan sé dýrmæt, þá er þó maðurinn, sem lifir í dag, dýrmætastur, og hvað var þá eðlilegra og sjálfsagðara en að gera tilraun til að bjarga í senn verðmætri jörð, fornri frægð og mönnum úr háska.

Um legu Kaldaðarnes er það að segja, að það liggur á leiðarenda, bílvegur er þar í hlað, en lengra ekki, þar á enginn erindi um hlað, en frá Reykjavík er aðeins eins til tveggja tíma akstur á staðinn.

Staðurinn virtist kjörinn sem framtíðarsetur fyrir drykkjumannahæli.

Það varð því að ráði með öllum, sem hlut áttu að máli, að flytja hælið frá Kumbaravogi að Kaldaðarensi, og fór sá flutningur fram í júní 1945. Vistmenn voru

þá fluttur í hermannaskála, og var ætlunin, að þeir ynnu að byggingu á staðnum og niðurrifi herskála um sumarið. Jafnframt var ákveðið, að stjórn ríkisspítalanna skyldi taka við rekstri hælísins og annast fyrirhugaða uppbyggingu búskapar og starfa, er honum áttu að fylgja. Ráðsmaður ríkisspítalanna, Guðmundur Gestsson, tók við starfi þessu með áhuga, og er ég þess fullviss, að undir hans stjórn hefði hælísreksturinn á fáum árum komizt í tilætlað horf.

Nú er þess að geta, að stjórn hælísins og læknir höfðu komizt að þeirri niðurstöðu, að mikla nauðsyn bæri til, að hælið starfaði í sambandi við sjúkrahús í Reykjavík og þá helzt sjúkrahús, sem fengist við tauga- og geðsjúkdóma.

Tvennt bar einkum til:

1. Nauðsynlegt þótti að geta rannsakað heilsufar hinna sjúku sem rækilegast, áður en þeir færu á hælið; slík rannsókn var naumast framkvæmanleg nema á sjúkrahúsi.
2. Það ber oft við, að nauðsynlegt er talið að flytja vistmenn af drykkjumanna-hæli og á sjúkrahús um lengri eða skemmri tíma, áður en hælísvist er lokið að fullu.

Þetta leiddi til, að málið var rætt við dr. Helga Tómasson yfirlækni að Kleppi, og þar kom því tali, að doktorinn taldi sig fúsan til að taka að sér hina læknisfræðilegu forsjá hælísins og reka það í sambandi við hælið á Kleppi.

Stjórn hælísins þótti nú vel horfa, rekstur þess var falinn prýðilegri forustu Guðmundar Gestssonar, er skildi sjónarmið hennar til hlítar og var staðráðinn í að reisa þarna veglegan og vaxandi búskap, eftir því sem tímar og ástæður leyfðu. Hin læknislega forsjá var falin þrautreyndum lækni, sem hafði hinar ákjósanlegustu aðstæður til að rækja starfið, og enda þótt stjórnin teldi mikinn skaða að því, að Alfreð Gíslason hætti störfum sem læknir hælísins, þá þótti einsýnt að skipta um til þess að geta notið þeirra kosta, sem sambandið við sjúkrahúsið á Kleppi hafði í för með sér.

Það verkefni, sem stjórninni var nú eftir skilið, var að annast ýmsa fyrirgreiðslu, sem ætíð er nauðsynleg fyrir vistmenn, greiða götu þeirra á hælið, hjálpa þeim á ýmsan hátt meðan á vistinni stendur, og umfram allt að hjálpa þeim til að byrja lífið á ný að hælísvist lokinni. Þetta virtist hið eðlilega starfssvið stjórnarinnar.

Þegar hér var komið sögu, bar það til tíðinda, sem óvænt var, að þegar dr. Helgi Tómasson hafði verið ráðinn hælislæknir, tjáði hann ráðherra, að hann óskaði, að stjórnin léti af öllum afskiptum um hag vistmanna á hælínu.

Ráðherra fór þess á leit við stjórnina, að hún yrði við óskum doktorsins, og varð það að samkomulagi.

Nú vikur sögunni til þeirra vistmanna, er fluttust í herskálana að Kaldaðarnesi í júní 1945. Þetta sumar var unnið af kappi að því að endurbyggja gamla sýslumannshúsið og gera það nothæft fyrir vistmenn. Þá var og unnið að byggingu íbúðarhúss fyrir ráðsmann hælísins og stór herskáli lagaður fyrir eldhús og borðsal.

Vistmenn tóku þátt í þessum byggingarstörfum eftir föngum, en einkum fengust þeir við að rífa herskála. Flestir undu þeir lífinu vel eftir hætti, en þó bar það til þetta sumar, að nokkrir vistmenn struku af hælínu. Þeir voru undantekningarlaust fluttir aftur á hælið, og reyndist í flestum tilfellum nauðsynlegt að nota heimild í lögum til að fá aðstoð lögreglunnar við það starf.

Vismönnum voru greidd laun fyrir vinnu þeirra. Var það gert með það fyrir augum, að slíkt mundi vekja manndóm þeirra, og í ýmsum tilfellum var launanna þörf vegna illa staddra fjölskyldna, en fyrir því var séð, að peningarnir færu til þeirra. Eitt sinn bar það við, að vistmenn gerðu verkfall. Þeim þótti kaup sitt of lágt. Þetta jafnaðist þó fljótt, og sáu vistmenn, að þeir höfðu ekki gætt fullrar sanngirni, og sættust á málið. En á þetta er hér minnzt af því, að þetta atvik hefur verið gert að stórmáli í þeirri rógssferð, sem ýmsir utan þings og innan hafa talið sér henta og sæma að hefja gegn því starfi, sem þarna var hafið til hjálpar bágstöddum mönnum.

Vegna rangra og villandi upplýsinga, sem gefnar eru um tölu vistmanna í Kaldaðarnesi í nefndaráliti meiri hlutans á þskj. 653, birti ég hér tölu vistmanna fyrsta og síðasta dag hvers mánaðar, eftir að hælið fluttist að Kaldaðarnesi:

1945.

Fyrsta júlí	9	vismenn,	síðasta júlí	10	vismenn
— ágúst	10	—	— ágúst	9	—
— sept.	9	—	— sept.	12	—
— okt.	12	—	— okt.	12	—
— nóv.	12	—	— nóv.	16	—
— des.	16	—	— des.	18	—

1946.

Fyrsta jan.	18	vismenn,	síðasta jan.	18	vismenn
— febr.	18	—	— febr.	17	—

Til skýringar þessum tölum er rétt að taka fram, að vismenn fluttu í hið endurbyggða hús í okt. eða nóvember. Þar var pláss fyrir 17 menn. Í marzmánuði 1946 lauk afskiptum stjórnarinnar af vistmönnum. Dr. Helgi Tómasson tók við, og raunverulega lauk starfi stjórnarinnar þá að fullu og öllu, því að skammt var eftir af kjörtíma hennar, og var engin stjórn skipuð fyrir hælið, er honum lauk.

Hér á eftir fer yfirlit yfir tölu vistmanna eftir að dr. Helgi tók við hælínu:

1946.					1947.				
Fyrsta marz	17	vismenn,	síðasta	6	Fyrsta jan.	8	vismenn,	síðasta	8
— apríl	6	—	—	1	— febr.	8	—	—	8
— maí	1	—	—	1	— marz	8	—	—	8
— júní	1	—	—	1	— apríl	8	—	—	0
— júlí	1	—	—	2	— maí	0	—	—	3
— ágúst	2	—	—	2	— júní	3	—	—	1
— sept.	2	—	—	0	— júlí	1	—	—	2
— okt.	0	—	—	8	— ágúst	2	—	—	3
— nóv.	8	—	—	10	— sept.	3	—	—	3
— des.	10	—	—	8	— okt.	3	—	—	3
					— des.	3	—	—	5

Þessar tölur hef ég fengið hjá skrifstofu ríkisspítalanna, en vegna flutninga skrifstofunnar voru tilsvareandi tölur fyrir 1948 ekki tiltækar, en á því ári var hælið látið lagnast út af.

Af þessu verður ljóst, að meðan hin lögskipaða stjórn starfaði við hælið, var það fullskipað, þannig var það og í Kumbaravogi, og fengu færri hælsvist en vildu, en þegar dr. Helgi tók við, bar svo til, að hælið var ýmist fáskipað eða óskipað. Á þessu verður að gefa skýringu.

Öllum, sem eitthvað þekkja til drykkjusjúklinga, er ljóst, að ekki eiga allir slíkir samleið á hæli. Tveir flokkar koma hér einkum til greina. Þeir, sem veruleg von er um, að fái bata á tiltölulega skömmum tíma, og hinir, sem eiga litla batavon og þurfa að vera á hæli langdvölum. Stjórn hælisisins og læknir þess, Alfreð Gíslason, leit fyrst og fremst á starf sitt sem þjónustu þeim til handa, sem um sárast áttu að binda vegna áfengisnautnar. Af þessu leiddi, að flestir þeir, sem hælið sóttu fram til marzmánaðar 1946, töldust til síðari flokksins. Dr. Helgi Tómasson taldi sitt hlutverk hins vegar fyrst og fremst vera að ná til þeirra, er töldust til fyrra flokksins, en vildi vera laus við þá, sem áttu sér lítills bata von. Hann vildi sem sé gera hælið að lækningahæli, en ekki að visthæli fyrir langdvalarsjúklinga. Eitt hið fyrsta, sem hann gerði, er hann tók við hælissforráðum, var að tjá vistmönnum, að

ef þeir færu af hælínu, yrðu þeir ekki sóttir, og létu flestir ekki segja sér þessa sögu oftan en einu sinni. Þeir fóru og komu ekki aftur.

Doktorinn fór nú að byggja upp hélið eftir sínu höfði. Hann vildi ekki hafa þar fleiri en 6—8 í senn, helzt vildi hann fá þessa 6—8 menn samtímis og láta þá alla dvelja jafnlengi og byrja svo á ný með annan 6—8 manna hóp. Virðist doktorinn helzt hafa litið svo á, að ofdrykkjumenn hegðuðu sér líkt og þeir, sem kenna magaveiki, færu til lækni hið bráðasta, og hann gæti ákveðið, hvenær og hvort þeir skyldu fara á sjúkrahús. En þetta sýnir aðeins, að hinum ágætustu og lærðustu mönnum getur skjátlazt. Þannig hegða ofdrykkjumenn sér yfirleitt ekki. Þeir þurfa handleiðslu heilla manna og sterkra, ef þeir eiga að leita sér lækninga. Og það er undir flestum kringumstæðum árangurslaust að segja við þá: „Komið þið á héli eftir viku eða mánuð,“ — heldur verður að láta þeim vistina í té, þegar skilningur hefur verið vakinn hjá þeim á, að hún sé þeim holl. En skilningur þessara manna á eigin ástandi er sem hrævareldur. Þann tíma, sem dr. Helgi Tómasson réð hælínu, var mörgum synjað um hælsvist. Ýmist af því að hann vildi ekki taka við þeim, af því að hann taldi batavonir of litlar, eða af því að þeir komu ekki á þeim tíma, sem hann hafði ákveðið að taka við vistmönnum. Hélið, sem hafði rúm fyrir 17, tók ekki við nema 8, þegar bezt lét, en tugum saman voru vesælir, sem þessi rúm voru ætluð, á götum Reykjavíkur.

Ef litið er á árangurinn af starfi hælisisins fyrr og síðar, þá er hann, að því er ég bezt veit, lítill. Þó virðist mér, að hann muni ekki öllu lakari en gerist um hliðstæðar stofnanir erlendis.

Engir erfiðleikar tel ég, að hafi komið fram í þessu starfi, sem ekki henda á hverju drykkjumannaheimili. Álit mitt er sem sé, að hér hafi verið um tilraun að ræða, sem gekk með eðlilegum hætti, og allt hafi bent til þess, að í Kaldaðarnesi mætti koma upp fyrirmyndar drykkjumannaheimili. Gegn þessu er það engin sönnun að benda á, að dr. Helgi Tómasson vildi reka þar lækningahéli einvörðungu, og að aðsókn að því varð ekki svo mikil sem húsrúm leyfði, og þessi ráðstöfun leiddi til, að hælínu var lokað fyrir þeim mönnum, sem mest þurftu þess með, en þessi staðreynd hefur verið notuð sem meginröksemd fyrir því, að rétt hafi verið að leggja hélið niður og ráðstafa eignum sem gert var.

Áður en ég hverf með öllu frá sögu þessa máls, vil ég benda á, hver ég tel, að þróun þess hefði átt að vera. Þessi eru meginatriðin:

1. Í Kaldaðarnesi hefði átt að vaxa upp héli, sem gæti rúmað alla þá, sem sökum ofdrykkju þurfa langa dvöl á héli, þar hefði átt að reisa stórbú smátt og smátt og efna einnig til smáiðju og iðnaðar, þannig að vistmenn hefðu næg og fjölbreytt verkefni og ynnu undir stjórn og með heilbrigðum mönnum.
2. Í Reykjavík þurfti að koma upptökudeild fyrir drykkjusjúklinga, er starfaði í sambandi við sjúkrahús.
3. Lítið lækningahéli þyrfti og að koma í Reykjavík eða nágrenni hennar fyrir þá, sem vænta má, að fái bata eftir stutta hælsvist.

Af þessu verður ljóst, að ég tel það óverjandi glapræði, að hætt skyldi rekstri hælisisins í Kaldaðarnesi. Já, ég tel það meira að segja himinhrópandi ranglæti og synd gagnvart þeim nauðstöddu mönnum, sem áfengisverzlunin hefur gert að aunníngjum. Frumvarp um meðferð ölvæðra manna og drykkjusjúkra, sem borið var fram á öndverðu þessu þingi, mun hafa átt að vera eins konar friðþæging fyrir þessa synd, en lítið skjól er ofdrykkjumönnum í Hafnarstræti í því frv., og lítið verður það, ef svo fer sem marga grunar, að það verði ekki að lögum.

Um það, með hvaða hætti og kjörum hin svo kallaða Kaldaðarnessala fór fram, skal ég ekki ræða, það hefur verið gert svo ýtarlega í greinargerðum og þingræðum. Ég vil aðeins taka það fram, að einnig sú hlið málsins er að mínum dómi óverjandi hneyksli.

Niðurstaða mín er því sú, að hvernig sem á málið er lítið, þá gæti það ekki fengið nema eina afgreiðslu, sem sæmandi er. Það er, að samþykkt og framkvæmd verði tillagan á þskj. 119 og drykkjumannahélið taki aftur til starfa í Kaldaðarnesi, undir stjórn hæfra manna. Ég legg því til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 14. maí 1949.

Sigfús Sigurhjartarson.